

Ísafjarðarbær
Gísli Halldór Halldórsson
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Ísafjörður 17. maí 2018
UST201711-218/K.Ó.J.
09.04.08

Efni: Deiliskipulag vegna byggingar þjónustuhús á Hesteyri

Í mörg ár hefur það verið ósk frá landeigendum á svæðinu, að komið verði upp betri þjónusta við gesti svæðisins, hér er aðallega átt við um hreinlætisaðstöðu til að draga úr álagi á svæðinu. Núverandi staða er að einn kamar er á Hesteyri sem þjónustar ekki allan þann fjölda sem heimsækir svæðið. Þessar óskir voru komnar fram þegar nágildandi aðalskipulag Ísafjarðarbæjar var unnið, enda stendur þar að gert sé ráð fyrir þjónustu landvarðar á Hesteyri, einfaldri þjónustumiðstöð, gistaðstöðu, hreinlætisaðstöðu og vatnssalernum. Núverandi staða er að landvörður býr í tjaldi á tjaldsvæðinu og einu innviðirnir sem þar er að finna er kamar og vaskur. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að deiliskipulag fyrir Hesteyri verði unnið sem fyrst til að hægt verði að stýra umferð og þjónusta gesti.


Með auknum fjölda ferðamanna og lengri viðveru landvarðar verður ekki lengur við þetta unað. Því var óskað eftir fjármagni í Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, til að byggja þjónustuhús á Hesteyri þar sem yrði aðstaða fyrir landvörð, lítil gestamóttaka og hreinlætisaðstaða fyrir gesti. Landsáætlun gerir ráð fyrir að úthlutað verði fjármagni til verksins á tímabilinu 2018-2020. Svo að til þessara framkvæmda geti komið þarf að ljúka við deiliskipulag svæðisins.

Eftir samtöl við fjölmarga landeigendur á Hesteyri þá telur Umhverfisstofnun mikilvægt að landeigendur verði hafðir með í ráðum við skipulag svæðisins. Dýrmætt er að samkomulag náist um staðsetningu þjónustuhús, tjaldsvæðis sem og legu göngustíga um svæðið.

Það er því ósk Umhverfisstofnunar að unnið verði deiliskipulag fyrir Hesteyri á næstu mánuðum, þannig að strax næsta vor geti Umhverfisstofnun hafið byggingu þjónustuhús á Hesteyri.

Virðingarfyllst

Kristín Ósk Jónasdóttir
Kristín Ósk Jónasdóttir
sérfræðingur



Ólafur A. Jónsson
sviðsstjóri, svið náttúru